

Föstudaginn 7. nóvember 1958.

Nr. 149/1958. **Karólína Jósefsson**

gegn

**Bjarna K. Bjarnasyni borgardómarafulltrúa,
Einari Arnalds borgardómara,
Jóhannesi Jósefssyni,
Péttri Danielssyni og
Ragnari Guðlaugssyni.**

Dómdendur:

**hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór
B. Línðal.**

Kærð málsmeðferð héraðsdómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með stefnu 2. júlí 1958 höfðaði sóknaraðili mál, sem þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 9. september s. á., á hendur Jóhannesi Jósefssyni gestgjafa og til réttargæzlu þeim Péttri Danielssyni og Ragnari Guðlaugssyni veitingamönnum, öllum í Reykjavík, til ógildingar yfirlýsingu, sem tjáist vera undirrituð af Jóhannesi og varðar fyrirhugaða sölu eigna úr félagsbúi hans og sóknaraðilja. Í stefnu kveðst sóknaraðili munu gera þær dómkröfur, „að svokölluð yfirlýsing Jóhannesar Jósefssonar, dags. 4. júní 1958, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbúið og að Jóhannesi verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu“. Í greinargerð sinni í héraði mótmælti lögmaður sóknaraðilja, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, yfirlýsingu þessari „sem rangri, óstaðfestri og óskuldbindandi fyrir umbjóðandi mína og félagsbú aðilja“. Hinn 11. f. m. sótti stefndi í héraði dómþing og óskaði að gefa skýrslu fyrir dómi varðandi yfirlýsinguna. Lögmaður sóknaraðilja krafðist þess þá, að þeirri aðiljayfirheyrslu yrði frestað eina viku. Lögmenn stefnda og réttargæzlustefndu mótmæltu þeirri frestun. Héraðsdómari, Bjarni K. Bjarnason borgardómarafulltrúi, felldi þann úrskurð um ágrein-

ing þenna, að yfirheyrsla skyldi þegar fara fram. Lögmaður sóknaraðilja kvaðst mundu segja til þess innan viku, hvort hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar eða ekki. Var málinu því næst frestað um stund, en þingað í því af nýju seinna sama dag. Lýsti héraðsdómari því þá, að aðiljayfirheyrsla yfir stefnda færi fram. Lögmaður sóknaraðilja kvaðst „kæra ákvörðun þessa til breytingar“, en af hendi dómara var bókað, að atriði þetta sætti ekki kæru. Fór aðiljayfirheyrsla því næst fram. Að henni lokinni lét lögmaður sóknaraðilja færa til þingbókar: „Ég mótmæli þeirri lögleysu, sem ég tel, að dómarrinn hafi hér í frammi, og vil ekki taka þátt í henni. Ég kæri framkomu dómarsins sem réttarneitun“.

Borgardómari sendi Hæstarétti skjöl málsins með bréfi 15. f. m., er barst dóminum sama dag.

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar telur sóknaraðili, að greindur úrskurður bæjarþings hafi mátt sæta kæru til æðra dóms. Sama gildi samkvæmt eðli máls um þá ákvörðun héraðsdómara að framfylgja úrskurði sínum þegar í stað, áður en kærufrestur samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 var liðinn. En með þeirri framkvæmd úrskurðarins hafi héraðsdómari svipt hana færi á að kæra úrskurðinn. Í þessari málsmeðferð héraðsdómara felist réttarneitun, sem kæra megi samkvæmt 4. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 til refsingar samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar. Krefst sóknaraðili þess, að Bjarna K. Bjarnasyni borgardómara verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, sem lög leyfa, og að greiða henni kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljarnir Bjarni K. Bjarnason og Einar Arnalds krefjast sýknu af kröfum sóknaraðilja og kærumálskostnaðar. Þá hafa stefndi og réttargæzlustefndu í héraði krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að þeim verði dæmdur kærumálskostnaður.

Héraðsdómara bar að taka við aðiljaskýrslu stefnda í héraði, sbr. 115. gr. laga nr. 85/1936, og var honum, eins og á stóð, rétt að láta yfirheyrsluna fara fram eftir úrskurði

sínum þegar í stað. Samkvæmt þessu er kæra sóknaraðilja rakalaus, og verða kröfur hennar eigi teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðiljunum Bjarna K. Bjarnasyni og Einari Arnalds kærumálskostnað, kr. 1000.00 hvorum. Eigi þykja efni til að dæma stefnda og réttargæzlustefndu í héraði kærumálskostnað, þar sem kröfur eru eigi gerðar á hendur þeim né til breytingar dómsathafnar í héraði.

Kæra máls þessa til Hæstaréttar, sem var bersýnilega ófyrirsynju, er vítaverð.

Dómsorð:

Varnaraðiljar, Bjarni K. Bjarnason og Einar Arnalds, eiga að vera sýknir af kröfum sóknaraðilja, Karólinu Jósefsson, í máli þessu, og greiði sóknaraðili hvorum þeirra kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1958.

Nr. 9/1958. **Ákærvaldið** (Guðmundur Ásmundsson hrl.)
 gegn
Gizuri Karli Guðmundssyni
 (Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
 hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
 son, Jón Ásbjörnsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og er háttsemi ákærða færð þar til rétttra ákvæða laga, er þá giltu. Eftir uppsögn héraðsdóms hafa lög nr. 23/1941 um bifreiðar og lög nr. 24/1941 um umferð verið numin úr gildi. Brot